

# **Gerðir aukakirkjuþings 2019**

**58. kirkjuþing,**

**haldið í Háteigskirkju**

**28. ágúst og 4. september 2019**



## Efnisyfirlit

1. mál. Þingsályktun um viðbótarsamning íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar.....	5
2. mál. Þingsályktun um skipan sex manna nefndar vegna viðbótarsamnings íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar .....	10
3. mál. Þingsályktun um sölu fasteignar.....	11



1. mál aukakirkjuþings 2019  
Flutt af forsætisnefnd

## **Þingsályktun um viðbótarsamning íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar**

Aukakirkjuþing 2019 samþykkir eftirfarandi viðbótarsamning íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar:

**VIÐBÓTARSAMNINGUR ÍSLENSKA RÍKISINS OG ÞJÓÐKIRKJUNNAR**

um endurskoðun á samkomulagi um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar frá 10. janúar 1997 og samningi íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um rekstrarkostnað vegna prestsembætta og prófasta, rekstrarkostnað biskupsstofu, framlag til Kristnisjóðs og sérframlög til þjóðkirkjunnar frá 4. september 1998.

### **Inngangur:**

*Með samkomulagi um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar frá 10. janúar 1997 (kirkjujarðasamkomulagið) urðu íslenska ríkið og þjóðkirkjan ásátt um fullnaðaruppgjör vegna þeirra verðmæta sem ríkissjóður tók við árið 1907, sbr. lög nr. 46/1907, um laun sóknarpresta og lög nr. 50/1907, um sölu kirkjujarða. Samkomulagið fól í sér að íslenska ríkið varð formlegur eigandi allra kirkjujarða, að frátöldum prestssetrum, en sem gagngreiðslu skuldbatt íslenska ríkið sig til að standa skil á launum til tiltekins fjölda presta og annarra starfsmanna þjóðkirkjunnar. Kirkjuþing féllst á samkomulagið á aukakirkjuþingi í janúar 1997, með smávægilegum orðalagsbreytingum, og Alþingi staðfesti það, þannig breytt, með V. kafla laga nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, sem tóku gildi 1. janúar 1998. Nánar var síðan kveðið á um útfærslu samkomulagsins með samningi aðila um rekstrarkostnað vegna prestsembætta og prófasta, rekstrarkostnað biskupsstofu, framlag til Kristnisjóðs og sérframlög til þjóðkirkjunnar frá 4. september 1998. Aðilar áréttu að fyrrgreint samkomulag frá 1997 er enn í gildi og verður áfram, sbr. þó þær breytingar sem gerðar eru með þessu viðbótarsamkomulagi. Samningurinn frá 4. september 1998, um nánari útfærslu, fellur hins vegar úr gildi með þessum nýja viðbótarsamningi.*

*Íslenska ríkið hefur óskað eftir endurskoðun samkomulagsins frá 10. janúar 1997 í samræmi við 4. gr., sbr. 3. gr. og 11. gr. samningsins frá 4. september 1998, með það að markmiði að einfalda framkvæmdina og hefur þjóðkirkjan fallist á það. Kirkjuþing ályktaði árið 2017, að beina því til ríkisvaldsins að ofangreindar viðræður yrðu leiddar til lykta sem fyrst svo kirkjuþing fengi betri yfirsýn um þessi mál. Auk þess stefna aðilar að því að auka sjálfstæði þjóðkirkjunnar í fjármálum og starfsmannamálum sínum. Þá hafa lög nr. 60/2018 um brottfall laga um kjararáð nr. 130/2016, með síðari breytingum, leitt til þess að ekki er lengur unnt að miða greiðslur við launaákvæðanir kjararáðs. Vegna þessa gera íslenska ríkið og þjóðkirkjan nú með sér þennan viðbótarsamning, um nýjar viðmiðanir og breytt fyrirkomulag á ýmsum þeim atriðum sem fjallað er um í fyrri samningum aðila. Í viðbótarsamningi þessum er þó ekki með neinum hætti fjallað efnislega um laun eða kjör presta eða annarra starfsmanna þjóðkirkjunnar.*

## 1. gr.

2. og 3. gr. samkomulagsins frá 1997 fellur niður en í stað þeirra komi ný grein svohljóðandi: „Íslenska ríkið skuldbindur sig til þess, á þeim grundvelli sem að framan greinir að greiða árlega gagngreiðslu til Þjóðkirkjunnar að fjárhæð kr. 2.374.700.000 miðað við gagngjaldið 2018. Greiðsla þessi er óháð fjölda biskupa, prófasta, presta og annarra starfsmanna Þjóðkirkjunnar. Skal íslenska ríkið kveða á um þá skuldbindingu í fjárlögum hvers árs. Samningsaðilar skulu í upphafi hvers árs sammælast um greiðsluáætlun fyrir einstaka mánuði innan ársins, en náist ekki samkomulag um það skal inna greiðsluna af hendi með jöfnum mánaðarlegum greiðslum.“

Samningur aðila um rekstrarkostnað vegna prestsembætta og prófasta, rekstrarkostnað biskupsstofu, framlag til Kristnisjóðs og sérframlög til Þjóðkirkjunnar frá 4. september 1998 fellur niður. Í stað greiðslna til Þjóðkirkjunnar og Kristnisjóðs samkvæmt 3., 5., 6. og 7. gr. þess samnings kemur greiðsla til Þjóðkirkjunnar að fjárhæð 368.400.000 kr. miðað við gagngjaldið 2018. Þessi fjárhæð verðbætist með sama hætti og gagngjaldið sem fjallað er um í 1. mgr.

Greiðslur íslenska ríkisins skv. samningnum skulu taka breytingum í samræmi við almennar launa- og verðlagsforsendur sem liggja til grundvallar í fjárlögum hvers árs. Skal við útreikning launaforsendna taka mið af meðaltali kjarasamningsbundinna hækkana hjá Bandalagi háskólamanna (BHM). Við útreikning samkvæmt þessari málsgrein skulu 9/10 af greiðslu ríkisins teljast vera vegna launakostnaðar og 1/10 vegna annars kostnaðar. Fari fram endurmat á launa- og verðlagsforsendum fjárveitinga ríkisaðila innan ársins skal endurskoða framlag til Þjóðkirkjunnar með sama hætti.

Á meðan viðaukasamningur þessi er í gildi, skulu þær greiðslur sem fjallað er um í þessari grein ekki taka öðrum breytingum en þeim sem að ofan eru raktar. Báðir aðilar áskilja sér hins vegar rétt til þess að krefjast breytinga á fjárhæð gagngjaldsins samkvæmt upphaflegu ákvæði 2. tl. 3. gr. kirkjujarðasamkomulagsins frá 1997 eftir að viðaukasamningur þessi fellur úr gildi, á grundvelli fjölgunar eða fækkunar skráðra meðlima Þjóðkirkjunnar. Báðir aðilar eru sammála um að verði gerðar einhverjar breytingar á lögum eða reglum um skráningu í trúfélög hjá Þjóðskrá Íslands, eða breytingar á öðrum lögum eða reglum sem kunna að hafa áhrif á slíka skráningu eða á framkvæmd skráninga og upplýsingagjöf til Þjóðkirkjunnar um skráningar, getur hvorugur aðili borið fyrir sig þá fækkun eða fjölgun á meðlimum Þjóðkirkjunnar sem af þeim breytingum leiðir.

Greiðsla íslenska ríkisins skv. þessari grein er heildargreiðsla þess til Þjóðkirkjunnar vegna skuldbindinga þeirra sem kveðið er á um í inngangi. Samningur þessi hefur ekki áhrif á aðrar greiðslur til Þjóðkirkjunnar, sem lög kunna að kveða sérstaklega á um eða önnur framlög samkvæmt sérstökum samningum. Greiðslan er jafnframt óháð öllum öðrum tekjum sem Þjóðkirkjan kann að hafa eða afla sér.

## 2. gr.

Í stað þeirra framlaga sem runnið hafa til Kirkjumálasjóðs og Jöfnunarsjóðs sókna samkvæmt fjárlögum, skal ríkið greiða Þjóðkirkjunni 711.400.000 kr. á ári, miðað við 2018. Þessi fjárhæð skal taka breytingum í samræmi við almennar launa- og verðlagsforsendur

sem liggja til grundvallar í fjárlögum hvers árs, með sama hætti og greiðslur samkvæmt 1. gr.

Þetta ákvæði kemur ekki til framkvæmda fyrr en löggjöf um þessa sjóði hefur verið breytt til samræmis við þetta.

### 3. gr.

Þjóðkirkjan hefur sjálfstæðan fjárhag, ber fulla ábyrgð á eigin fjármálum og ákveður sjálf fjölda starfsmanna sinna. Árlegt framlag íslenska ríkisins skv. kirkjujarðasamkomulaginu er eign þjóðkirkjunnar hvort sem það rennur að fullu til rekstrar hennar eða ekki. Þjóðkirkjan fjármagnar án aðstoðar úr ríkissjóði útgjöld sem reynast umfram greiðsluskyldu ríkissjóðs. Þjóðkirkjan hefur sjálfstæða heimild til hvers konar tekjuöflunar umfram framlagið og stendur sjálf straum af kostnaði við rekstur sem er umfram greiðslur ríkissjóðs skv. 1. gr., og önnur lögbundin eða sammingsbundin framlög frá íslenska ríkinu á hverjum tíma. Þjóðkirkjan getur með starfsreglum sett gjaldskrá vegna aukaverka presta í kjölfar lagabreytinga samkvæmt 7. gr.

Kirkjuþing setur nánari starfsreglur um nýtingu greiðslna samkvæmt samningi þessum innan þjóðkirkjunnar.

### 4. gr.

Þjóðkirkjan skal sjálf annast alla launavinnslu, bókhald og launagreiðslur til starfsmanna sinna frá 1. janúar 2020. Endurskoðun reikninga kirkjunnar verður ríkinu óviðkomandi frá sama tímamarki. Íslenska ríkið skal aðstoða stofnanir þjóðkirkjunnar í hvívetna við undirbúning þessa verkefnis.

Íslenska ríkið og Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR) taka við öllum áföllnum lífeyrisskuldbindingum sem við undirritun sammings þessa hafa orðið til vegna greiðslna ríkisins til starfsmanna kirkjunnar.

Þeim starfsmönnum þjóðkirkjunnar sem greiða í B-deild LSR við gildistöku þessa sammings, skal standa til boða að vera áfram félagar í sjóðnum með óbreyttum kjörum, án tillits til þessa samkomulags. Það sama gildir um þá sem þiggja lífeyri úr B-deild LSR.

Ef þjóðkirkjan gerir breytingar á föstum launum fyrir dagvinnu hjá þeim sem greiða í B-deild LSR og breytingar eru umfram meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu, skal reikna skuldbindingar ríkisins út frá hlutfalli launa fyrir dagvinnu af heildarlaunum eins og þau eru við undirritun sammings þessa. Þjóðkirkjan skal þá greiða iðgjald til B-deildar LSR til að standa undir mismuninum á áföllnum skuldbindingum hvers árs og þess sem ríkið á að standa skil á.

Þeim starfsmönnum þjóðkirkjunnar sem hafa greitt í A-deild LSR fyrir gildistöku þessa sammings, skal standa til boða að vera áfram félagar í sjóðnum með óbreyttum kjörum, án tillits til þessa samkomulags.

Þjóðkirkjan mun að öðru leyti semja við starfsmenn sína um lífeyrisréttindi án aðkomu ríkisins.

#### 5. gr.

Samningur þessi er ótímabundinn, en samningsaðilar geta hvor um sig óskað eftir endurskoðun fjárhagslegra forsendna viðbótarsamnings þessa, að liðnum 15 árum frá undirritun hans. Takist ekki að semja um endurskoðun samningsins innan tólf mánaða frá því slíkt ósk er lögð fram, getur hvor aðili um sig sagt samningnum upp með tólf mánaða fyrirvara. Uppsögn á viðbótarsamningi þessum hróflar þó ekki við gildi kirkjujarðasamkomulagsins frá 1997, sbr. inngangsákvæði þessa samnings.

#### 6. gr.

Rísi ágreiningur um framkvæmd samnings þessa skal honum vísað til þriggja manna nefndar sem gera skal út um ágreininginn. Skal einn nefndarmaður tilnefndur af kirkjuráði, einn sameiginlega af dómsmálaráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra og oddamaður skal tilnefndur af Hæstarétti Íslands. Kostnaður sem hlýst af starfi nefndarinnar skal að hálfu greiddur af íslenska ríkinu og að hálfu af þjóðkirkjunni.

#### 7. gr.

Að fengnu samþykki ríkisstjórnar Íslands og kirkjuþings á samningi þessum, skal dómsmálaráðherra leggja fram frumvarp til laga á Alþingi, er feli í sér breytingu á V. kafla laga nr. 78/1997, um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, á 22. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og á lögum nr. 1/1997, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, til samræmis við samning þennan, til að tryggja að efnisatriði hans öðlist lagagildi. Jafnframt feli frumvarpið í sér tillögu um að ákvæði laga um laun sóknarpresta nr. 46/1907 og lög nr. 36/1931 um embættiskostnað sóknarpresta og aukaverk þeirra falli úr gildi ásamt lögum um Kristnisjóð nr. 35/1970 og II. kafla laga um sóknargjöld nr. 91/1987.

#### *Ákvæði til bráðabirgða*

Íslenska ríkið skuldbindur sig til að greiða þjóðkirkjunni út þá inneign sem skapaðist vegna afturvirks úrskurðar kjararáðs um hækkun á launum presta á árinu 2017.

Samningur þessi er gerður með fyrirvara um samþykki kirkjuþings og ríkisstjórnar Íslands, og um að lagabreyting skv. 1. mgr. öðlist gildi.

Reykjavík, x. 2019



## Viljayfirlýsing

Þjóðkirkjan annars vegar og forsætis-, fjármála- og efnahagsráðherra og dómsmálaráðherra hins vegar gefa sameiginlega út svofellda viljayfirlýsingu í tengslum við nýjan viðbótarsamning á milli þjóðkirkjunnar og íslenska ríkisins.

Með nýjum samningi er stefnt að stórauðnu fjárhagslegu sjálfstæði þjóðkirkjunnar. Í samræmi við það eru aðilar samningsins sammála um að einfalda mjög allt lagaumhverfi og fyrirkomulag á þeim greiðslum sem þjóðkirkjan fær úr ríkissjóði. Þjóðkirkjunni er í sjálfsvald sett hvort og hvernig hún heldur áfram starfsemi þeirra sjóða sem reknir hafa verið á grundvelli laga.

Stefnt skal að eftirfarandi lagabreytingum í kjölfar samningsgerðarinnar:

- Lög um laun sóknarpresta nr. 46/1907 og lög nr. 36/1931 um embættiskostnað sóknarpresta og aukaverk þeirra verði felld úr gildi. Þjóðkirkjan setji sjálf gjaldskrá fyrir aukaverk presta og hafi sjálfðæmi um fjárhæðir. Kirkjugarðar hætti að greiða fyrir prestþjónustu við útfarir, kistulagningar, og athafnir við jarðsetningu duftkers eða kistu.
- II. kafli laga nr. 35/1970 um Kristnisjóð o.fl. verði felldur úr gildi. Þjóðkirkjan taki við eignum og skuldbindingum sjóðsins ásamt þeim verkefnum sem honum eru nú falin í lögum. Kirkjuþing setji nánari reglur um verkefni sjóðsins.
- Lög nr. 138/1993 um kirkjumálasjóð verði felld úr gildi. Þjóðkirkjan taki við eignum og skuldbindingum sjóðsins ásamt þeim verkefnum sem honum eru nú falin í lögum. Kirkjuþing setji nánari reglur um verkefni sjóðsins.
- II. kafli laga nr. 91/1987 um sóknargjöld o.fl. og reglugerð nr. 206/1991 um Jöfnunarsjóð sókna verði felld úr gildi. Þjóðkirkjan taki við eignum og skuldbindingum sjóðsins ásamt þeim verkefnum sem honum eru nú falin í lögum. Kirkjuþing setji nánari reglur um verkefni sjóðsins.
- V. kafli laga nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, þar sem fjallað er um réttarstöðu starfsmanna þjóðkirkjunnar verði endurskoðaður með hliðsjón af nýjum viðbótarsamningi aðila. Lokamálsliður 31. gr. laganna, þar sem fjallað er um héraðssjóði, verði felld úr gildi.
- Framlög til þjóðkirkjunnar í fjárlögum verði í fyrsta lagi greiðsla samkvæmt kirkjujarðasamkomulaginu frá 1997 með síðari viðbótum (1. gr. viðbótarsamningsins). Í öðru lagi sóknargjöld samkvæmt lögum um sóknargjöld og fjárlög og í þriðja lagi árleg greiðsla samkvæmt 2. gr. viðbótarsamningsins. Þessi árlega greiðsla verði ótengd sóknargjöldum og sæti ekki frekari skerðingum en rekstrargrunnur ríkisins almennt í fjárlögum hverju sinni.
- Jafnframt munu fulltrúar þjóðkirkjunnar og ríkisins vinna saman að yfirferð yfir gildandi lög er varða þjóðkirkjuna með það að markmiði að einfalda regluverkið. Við þá vinnu verði m.a. byggt á þeim tillögum sem þjóðkirkjan hefur þegar fjallað um og sent ríkinu.

2. mál aukakirkjuþings 2019  
Flutt af forsætisnefnd

**Þingsályktun  
um skipan sex manna nefndar  
vegna viðbótarsamnings milli þjóðkirkjunnar og ríkisins**

Aukakirkjuþing 2019 samþykkir að beina því til kirkjuráðs að skipa sex manna nefnd vegna viðbótarsamnings milli þjóðkirkjunnar og ríkisins. Nefndarskipan verði eftirfarandi: Biskup Íslands tilnefnir einn fulltrúa, forsætisnefnd tilnefnir annan. Einn fulltrúi er tilnefndur af kirkjuráði, einn af löggjafarnefnd, einn af fjárhagsnefnd og einn af allsherjarnefnd. Varamenn skulu tilnefndir með sama hætti.

3. mál aukakirkjuþings 2019  
Flutt af kirkjuráði

**Þingsályktun  
um sölu fasteignar**

Aukakirkjuþing 2019 heimilar sölu eftirtalinnar fasteignar í eigu kirkjumálasjóðs:

*Suðurprófastsdæmi*

Hlíðartún 18, Höfn í Hornafirði (prestsbústaður)

Heimildarákvæði um sölu fasteignarinnar gilda fram að kirkjuþingi 2019.